

Ég, Guðný G. Ívarsdóttir, Flekkudal í Kjós,

hef ákveðið að bjóða mig fram á ný til starfa fyrir sveitarfélagið Kjós og til setu í hreppsnefnd Kjósarhrepps á komandi kjörtímabili.

Ég tel að þekking mín og mikil reynsla af sveitarstjórnarmálum muni nýtast okkur sveitungum til góðs. Við, fólk í Kjós, verðum að ljúka mörgum stórum verkefnum á komandi kjörtímabili, verkefnum sem ráðist hefur verið í með metnaði á undanförunum árum.

Framtíðin er björt ef unnið verður vel úr því sem lagður hefur verið grundvöllur að. Okkur bíða góðir tímar verði öll tækifæri nýtt til þess að efla sveitarfélagið, með atvinnuuppbyggingu, góðu mannlífi og umhverfisvernd. Nýta þarf þá þekkingu og reynslu sem til staðar er í sveitarfélaginu.

Ég hef gegnt starfi sem sveitarstjóri Kjósarhrepps á síðustu tveimur kjörtímabilum og hef þar öðlast mikilvæga þekkingu og reynslu m. a. með því að efla tengsl við sveitarstjórnarmenn í öðrum sveitarfélögum og með mikilvægum samskiptum við ýmsa embættismenn, sem fara með yfirstjórn sveitarstjórnarmála. Fjárhagsstaða Kjósarhrepps hefur verið góð á undanförunum árum á sama tíma og ráðist hefur verið í miklar fjárfestingar til framtíðar. Eiginfjárstaða sveitarfélagsins hefur aldrei verið betri. Það er mikilvægt að rekstur sveitarfélagsins haldi áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið þar sem hagsmunir íbúa og annarra hagsmunaaðila eru hafðir að leiðarljósi.

Menntun: Viðskiptafræðinám (BSc) frá Háskóla Íslands (stjórnun og stefnumótunarsvið). Diplóma í opinberri stjórnsýslu.


Starfsreynsla: Sveitarstjóri í Kjósarhrepps frá 2010 og seta í hreppsnefnd frá 2002. Bóndi í Flekkudal í Kjós, þar sem bændastörfin hafa snúist um að sinna sauðfé, hrossum, geitum, hænum og hundum og öðrum búfænaði. Einnig hef ég starfað við matreiðslu, kennslu og umönnunarstörf.

Áhugamál: Helstu áhugamál mín tengjast hestum og hestamennsku. Ég hef starfað ötullega að félagsmálum hestamanna. Ég sat í stjórn Hestamannafélagsins Harðar og var þar fyrsti kvenkyns formaður félagsins. Ég sat í stjórn Landssambands hestamanna. Í öllu mínu lífi hef ég tekið virkan þátt í félagsstörfum í sveitarfélaginu mínu. Ég gegni nú formennsku í Kvenfélagi Kjósarhrepps en í því góða félagi hef ég tekið virkan þátt um árabil. Ég átti þátt í að endurvekja Ungmennafélagið Dreng og hef ég setið í stjórn og gegnt þar formennsku. Nýverið tók ég sæti í stjórn Geitfjárræktarfélags Íslands.

Fjölskylduhagir: Sambúð með Sigurði Guðmundssyni lögmanni. Börnin eru þrjú. Tengdabörnin eru þrjú og barnabörnin eru sex.

Ég hef unnið að ýmsum verkefnum fyrir sveitarfélagið með frábæru og hæfileikaríku fólki sem starfað hefur með mér í hreppsnefnd. Í því samstarfi má nefna nokkur atriði sem ég tel að hafi verið Kjósarhreppi til framdráttar:

- Ákvörðun um leit að heitu vatni og ákvarðanir um framgang verkefnisins.
- Lagning ljósleiðararöra um sveitarfélagið og eftirfylgni í því að ná fram opinberum styrkjum til verkefnisins.
- Skráning allra gamalla skjala hreppsins.



- Unnið hefur verið að stórum verkefnum í skipulagsmálum m. a. að nýju aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið.
- Saga UMF Drengs er komin út og unnið hefur verið að skráningu á sögu Kjósarhrepps.
- Hreppurinn hefur staðið að sölu á sumarhúslóðum í landi Möðruvalla I en þá jörð keypti hreppurinn fyrir nokkrum árum til þess að tryggja framgang hitaveituframkvæmda. Á jörðinni voru skipulagðar sumarhúsalóðir.
- Unnið er að lokafrágangi Kjósarskarðsvegar en af hálfu hreppsnefndarmanna hefur öllum ráðum verið beitt til að vinna því verkefni framgang.
- Endurbygging Kjósarréttar og er það þáttur í ævi okkar og sögu Kjósarhrepps.
- Félagsgarður og Ásgarður. Að mörgu leyti stolt okkar Kjósverja. Umhverfi Félagsgarðs hefur verið stórbætt og lagað og veruleg endurnýjun hefur farið fram á Ásgarði
- Uppbygging hefur átt sér stað við endurvinnsluplanið á Hurðarbakholti.
- Aðkoma að hugmyndinni um Kátt í Kjós og aðventumarkað.
- Frumkvæði að skötuveislu, jólatrésskemmtun og þrettándafagnaði í Félagsgarði.
- Frumkvæði að því að bjóða „heldri borgurum“ í heimsókn í Ásgarð yfir vetrartímann.
- Haldið uppá 17. júní með hátíð í Kjósinn í samstarfi við Kaffi Kjós.
- Síðast en ekki síst. Smölun á búfé og tilraunir til þess að ná fram samstarfi meðal sauðfjárbænda um haustsmalanir.

Áherslumál: Fjárhagsmálefni Kjósarhrepps verða að vera í föstum skorðum. Sveitarfélagið verður að haga rekstri með skynsömum hætti. Kjósarhreppur hefur búið við traustan fjárhag og er það skylda næstu sveitarstjórnar að tryggja að svo verði áfram.

Ljúka þarf samningum um tengingu ljósleiðara. Bæta þarf upplýsingagjöf til íbúa og fasteignaeigenda í sveitarfélaginu m. a. með nýrri heimasíðu sem unnið er að. Nýja síðan mun innihalda svokallaða „íbúagátt“. Heimasíðan þarf að vera aðgengileg öllum hópum þjóðfélagsins og þarf að taka tillit til væntanlegrar strangrar perónuverndarlöggjafar .

Kjósarhreppur hefur á síðustu misserum staðið góða vakt í umhverfismálum m. a. með mótmælum gegn fyrirhugaðri starfsemi í Hvalfirði, sem kann að leiða til neikvæðra umhverfisáhrifa. Það er hlutverk nýrrar sveitarstjórnar að vernda nátturu Kjósarhrepps og halda áfram vöku sinni í umhverfismálum.

Það er hlutverk verðandi fulltrúa í sveitarstjórn Kjósarhrepps að efla þjónustu við alla íbúa og annarra sem hagsmuni eiga í hreppnum. Efla þarf félagsþjónustu og alla nauðynlega aðstoð við aldraða og öryrkja. Félagsþjónustan er það hlutverk sveitarfélagsins sem hefur aukist m. a. vegna hærri meðalaldurs íbúa. Gera þarf eldra fólki kleyft að búa sem lengst heima til þess að þau þurfi ekki gegn vilja sínum að flytja annað til þess að njóta lögbundinnar þjónustu. .

Skóla- og félagsmál í sveitarfélaginu hafa verið í föstum skorðum í nánú samstarfi við nágrannasveitarfélög. Fjöldi barna úr Kjósarhreppi í grunnskóla eru núna aðeins 21 í 10 árgöngum. Kjósarhreppur hefur veitt frístuna- og ferðastyrki til að auðvelda börnum að stunda íþróttar- og félagsstarf í aðstöðu hjá öðrum og stærri sveitarfélögum. Erfitt getur verið að setja hér upp sambærilega aðstöðu vegna fámennis. Kjósarhreppur hækkaði frístundastyrki verulega á árinu 2014 og gert er ráð fyrir því að aukið svigrúm verði til þess að gera betur á komandi kjörtímabili.

Álögur á fasteignaeigendur í Kjósarhreppi hafa aukist jafnhliða aukinni hagsælt í þjóðfélaginu og vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið. Fasteignamat hefur hækkað mikið á síðustu árum og er það ekki á valdi Kjósarhrepps. Sveitarstjórn Kjósarhrepps hefur þó komið til móts við fasteignaeigendur og hefur lækkað álagningu úr 0,5 í 0,4 vegna ársins 2018. Staðið hefur verið fyrir lækkun á

fasteignagjöldum örorku- og ellilífeyrisþega með verulegum breytingum á tekjuviðmiðum. Ég mun, ef ég hlýt kjör í komandi hreppsnefnd, tala fyrir því að koma frekar til móts við fasteignaeigendur að því er þetta varðar.

Gera þarf átak í að bæta alla starfsemi við hreinlætismál og flokkun á sorpi í sveitarfélaginu m. a. í þeim tilgangi að lækka megi gjöld á fasteignaeigendur. Sorpmagnið í Kjós hefur vaxið gríðarlega á síðustu misserum. Flest sveitarfélög í landinu glíma við þetta vandamál. Endurverkja þarf umhverfisnefndina og hreppurinn þarf að fá öflugt og áhugasamt fólk til starfa og fá fram tillögur um hvað hægt sé að gera betur í þessum efnum. Virkja þarf íbúa og gesti í sveitarfélaginu til að gæta betur að umhverfismálum.

Kæru sveitungar og vinir,

eigið góða framtíð,

Guðný G. Ívarsdóttir